

Fimmtudaginn 24. júní 1993.

Nr. 288/1990. **Gísli Bragi Hjartarson**

(Pétur Guðmundarson hrl.)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Gunnar Sólness hrl.).

Víxill. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1990. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Lögmaður stefnda vísar í greinargerð sinni í héraði til samkomulags, að því er varðar gjalddaga á víxli þeim, sem mál þetta fjallar um. Samkvæmt því samkomulagi hafi það verið á valdi stefnda að setja gjalddaga á víxilinn, eftir að hann var útfylltur að öðru leyti, væru uppfyllt tiltekin skilyrði, sem getur í héraðsdómi. Þessu hefur áfrýjandi mótmælt. Engra gagna nýtur í málinu um þetta ágreiningsefni.

Er víxillinn var afhentur lögfræðingi til innheimtu í byrjun nóvember 1989, var ekki skráður á hann gjalddagi, og var hann því endursendur skrifstofu stefnda. Mun starfsmaður stefnda hafa ritað gjalddaga á víxilinn og sent hann að því búnu til innheimtu á nýjan leik.

Víxillinn var gefinn út 1. september 1987, og var því liðið nokkuð á þriðja ár frá útgáfudegi, er gjalddaginn 21. nóvember 1989 var skráður á hann. Gegn mótmælum áfrýjanda er ósannað, að samkomulag hafi orðið um það, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933, að víxilhafi mætti setja gjalddaga á víxilinn með þessum hætti, og hefur þessi ritun gjalddaga ekkert gildi að lögum. Ber því að líta svo á, að víxillinn hafi verið gjaldkræfur við sýningu, sbr. 2. mgr. 2. gr. víxillaga. Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laganna skal sýna slíkan

víxil til greiðslu, áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi. Þar sem það fórst fyrir, glataði stefndi víxilrétti sínum á hendur útgefanda, sbr. 1. mgr. 53. gr. víxillaga. Af þessu leiðir, að sýkna ber áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Gísli Bragi Hjartarson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Greiðslustaður víxils þess, sem um er deilt, var í banka á Akureyri. Stefndi miðar greiðslukröfu sína við gjalddaga þann, sem á víxillinn var skráður. Í samræmi við það bar honum samkvæmt 1. mgr. 38. gr. víxillaga nr. 93/1933 að sýna víxillinn til greiðslu í banka þessum á gjalddaganum eða öðrum hvorum hinna næstu virkra daga þar á eftir. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laganna bar honum og að tilkynna áfrýjanda, ef greiðslufall yrði. Það leysti stefnda ekki undan þessum kvöðum gagnvart áfrýjanda, að víxillinn bar áritunina „án afsagnar“, sbr. 2. mgr. 46. gr. laganna. Ljóst er af gögnum málsins, að víxillinn kom ekki fram í bankanum á þessum tíma, og voru skilyrði um sýningu hans ekki uppfyllt af hálfu stefnda. Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laganna hafði hann þannig glatað rétti sínum gegn áfrýjanda sem útgefanda víxilsins, þegar málið var höfðað. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda, og er ég samþykkur niðurstöðu annarra dómenda um efni málsins og málskostnað.

Dómur bæjarþings Akureyrar 14. maí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. maí sl., hefur Vátryggingafélag Íslands, kt. 690689-2009, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni

26. janúar 1990, á hendur Gísla B. Hjartarsyni, kt. 200839-7819, Hamra-gerði 18, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér skuld, að fjárhæð 3.568.212 kr., með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 21. 11. 1989 til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. 11. 1990, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Auk þess krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu:

„Hin umstefnda skuld er samkvæmt tryggingarvixli, að fjárhæð 3.568.212 kr., útg. 1. 9. 1987 af Gísla Braga Hjartarsyni og framseldum af sama og samþykktum af pr. pr. Híbýlum hf., Páli Alfreðssyni, til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands hf., Akureyri, 21. nóvember 1989.

Kröfu skv. vixlinum var lýst í þrotabú Híbýla hf. sem almennri kröfu 19. desember 1989, og var krafan samþykkt.“

Stefndi lýsir málavöxtum svo, að stefndi hafi 1. september 1987 gefið út tryggingarvixil, að fjárhæð 3.568.212 kr. Vixillinn hafi verið samþykktur til greiðslu af Híbýlum hf. Vixillinn hafi verið sýningarvixill, þar sem enginn gjalddagi var færður inn á vixilinn. Samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnanda færðu starfsmenn stefnanda ekki gjalddaga inn á vixilinn fyrr en í nóvembermánuði 1989, rúmlega einu ári eftir, að sýningarfrestur rann út.

Stefnandi reisir kröfugerð sína á því, að vixillinn hafi verið gefinn út af stefnda 1. sept. 1987 til tryggingar verkábyrgð fyrir Híbýli hf. „Samkvæmt samkomulagi stefnanda og stefnda hafi ekki verið settur gjalddagi á vixilinn, þar sem á þeim tíma var ekki vitað, hvort eða hvenær og að hve miklu leyti myndi reyna á verkábyrgð stefnanda. Við gjaldþrot Híbýla hf. 12. 10. 1989 var stefnandi krafinn um greiðslu verkábyrgðarinnar að fullu, og þá fyrst gat stefnandi gert vixilinn gildan gagnvart stefnda. Vixillinn var fylltur út í samræmi við 10. gr. vixillaga nr. 93/1933, og í framhaldi af því var stefndi krafinn um greiðslu.“

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi verið búinn að glata öllum rétti sínum á hendur sér, þegar starfsmenn hans fylltu út gjalddaga á hann, og þeim það því með öllu óheimilt. Umstefndur vixill í máli þessu hafi verið gefinn út 1. september 1987 og verið án gjalddaga. Vixillinn hefði því að formi til verið sýningarvixill, þótt orðin „við sýningu“ væru ekki rituð á hann í stað ákveðins gjalddaga.

Samkvæmt 34. gr. víxillaga skuli sýna víxil til greiðslu innan eins árs, frá því að hann var gefinn út. Umstefndur víxill hefði ekki verið sýndur til greiðslu innan þess tíma, og glataði víxilhafi því rétti sínum á hendur útgefanda skv. 53. gr. víxillaga.

Stefndi styður mál sitt enn fremur því, að þótt ekki hafi staðið á víxl-inum, að greiðsla væri „við sýningu“, sé í 2. mgr. 2. gr. víxillaga sérstaklega tilgreint, að sé gjalddagi víxils eigi tilgreindur, teljist gjalddagi við sýningu.

Verði viðurkennt, að stefnandi hafi haft heimild til að fylla út gjalddaga á víxilinn, vegna þess að eyða var fyrir gjalddaganum, heldur stefndi því fram, að sú heimild geti ekki veitt stefnanda sem víxilhafa rýmri rétt gagnvart stefnda en ákvæði víxillaga gera um sýningarvíxla, þ. e. stefnandi hefði orðið að fylla út víxilinn innan sýningarfrestsins. „Önnur niðurstaða myndi skapa óviðunandi réttaróvissu fyrir víxilskuldara og væri í andstöðu við grundvallarreglur íslensks réttarfars, ef unnt væri að öðlast rýmri rétt með tómlæti um að sýna víxil til greiðslu innan lögákveðins frests, með því að, þegar sá frestur væri liðinn, færa inn á víxilinn gjalddaga, eins og stefnandi hefur gert í þessu tilfelli.“

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi reisir kröfu sína á víxli, sem stefndi hefur gefið út og framselt. Því er um að ræða víxilmál, sem stefnandi rekur samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Óumdeilt er, að ekki var skráður gjalddagi á víxilinn, þegar stefndi gaf hann út og framseldi. Á víxilinn er ekki skráð, að gjalddagi hans sé við sýningu. Stefnandi og stefndi máttu því báðir gera ráð fyrir, að síðar yrði tekin ákvörðun um, hver gjalddagi víxilsins skyldi vera, ef þörf yrði á að nota víxilinn sem tryggingu fyrir greiðslu verkábyrgðar þeirrar, sem stefnandi tók á sig fyrir Híbýli hf., og stefnda var ljóst, að víxilinn var gefinn út í því skyni.

Eins og málið liggur fyrir dómnum, þykir verða að miða við, að stefnandi hafi haft heimild til þess að skrá gjalddaga þann, sem hann gerði, þegar krafa sú, sem víxilinn átti að tryggja, féll á stefnanda, en stefndi hefur engar líkur leitt að því, að svo hafi ekki verið.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Gísli Bragi Hjartarson, greiði stefnanda, Vátryggingafélagi Íslands, 3.568.212 kr. með dráttarvöxtum samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 21. 11. 1989 til greiðsludags, og leggist dráttarvextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. 11. 1990, og 532.200 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, og leggist dráttarvextir við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
